



Fundargerð hreppsnefndar 28. apríl 2016

Fundur nr. 40 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 28. apríl 2016 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16:00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Almenn mál:

a. Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps A- og B hluta fyrir árið 2015 tekinn til fyrri umræðu. Umræða fór fram um reikninginn, síðan var bókað:

Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2015 var lagður fram til fyrri umræðu í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 28. apríl 2016. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn og verður ársreikninginn tekinn til umræðu í sveitarstjórn fyrir 15. maí nk.

Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps árið 2015 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A-hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A- og B-hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Þjónustumiðstöð. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B-hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður, Vatnsveita, Fráveita, Félagslegar íbúðir, Leiguíbúðir aldraðra, Legudeildin Sundabúð, Lyfsala, Skiphólmi ehf. og Arnarvatn ehf.

Helstu niðurstöður ársreiknings 2015 eru eftirfarandi:

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta á árinu var jákvæð um 46 millj. kr., en niðurstaða A-hluta var neikvæð um 49 millj. kr.
- Veltufé frá rekstri A- og B-hluta nam 120 millj. kr., en 48 millj. kr. í A-hluta.
- Skuldir og skuldbindingar A- og B-hluta námu 608 millj. kr. í árslok 2015, en 545 millj. kr. í A-hluta.
- Eigið fé A- og B-hluta nam um 808 millj. kr. í árslok en eigið fé A-hluta nam um 568 millj. kr.
- Skuldahlutfall A- og B-hluta, skv. skilgreiningu í reglugerð um fjárhagsleg viðmið nr. 502/2012, nemur 65,1% í árslok 2015, en þetta hlutfall var 72,3% í árslok 2014.
- Skuldaviðmið A- og B-hluta, skv. sömu reglugerð, nemur 62,5% í árslok 2015, en þetta hlutfall var 70,5% í árslok 2014. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum og ofangreindri reglugerð þá skulu þessi hlutföll ekki var hærrí en 150%.

- Þá skulu samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta ekki vera hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum á hverju þriggja ára tímabili. Rekstrarjöfnuður Vopnafjarðarhrepps fyrir A- og B-hluta hefur verið jákvæður undanfarin ár og verður jákvæður áfram gangi fyrirbyggjandi áætlanir sveitarfélagsins eftir. Bókunin samhljóða samþykkt sem og að vísa reikningnum til síðari umræðu.

b. Ársreikningur Hafnarsambands Íslands 2015
Lagt fram til kynningar

c. Tilnefningar vegna stjórnarkjörs í Austurbrú ses.
Samhljóða samþykkt að tilnefna Ólaf Áka Ragnarsson sveitarstjóra sem fulltrúa Vopnafjarðarhrepps á ársfund Austurbrúar sem haldinn verður 11. maí nk.

d. Drög að þjónustusamningi vegna reksturs Hjáleigunnar 2016-2020
Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra og ferða- og menningarmálafulltrúa að klára samninginn á grunni fyrirbyggjandi draga.

e. Málefni heilbrigðisnefnda og stjórnun landshlutasamtakana
Hreppsnefnd tekur samhljóða undir bókun HAUST í fundargerð 128. fundar, lið 7.4

f. Samningur um starfsstöð Austurbrúar ses á Vopnafirði
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tilnefna Stefán Grím Rafnsson og Ólaf Áka Ragnarsson í samráðshóp stofnunarinnar.

g. Tillaga starfshóps varðandi skipan almenningsgangna á Austurlandi
Lagt fram til kynningar.

h. Viljayfirlýsing fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúa sýslumanna á Íslandi um hvernig auka mætti aðgengi að utankjörfundaratkvæðagreiðslu.
Lagt fram til kynningar.

i. Fjárfestingar Vopnafjarðarhrepps árin 2016-2019
Sveitarstjóri gerði nánari grein fyrir þeim breytingum sem hann leggur til að verði gerðar á fjárfestingum sveitarfélagsins á árinu 2016. Síðan fór fram umræða um málið. Tillagan samhljóða samþykkt.

2. Fundargerðir:

a. Fræðslunefndar dags. 17. mars 2016
Sveitarstjórn vill vekja athygli á að sá hugur sem fram kemur í bókun í 2. tl. og varðar ákvörðun starfsmanna að taka á sig skerðingu sem nemur tæplega einu stöðugildi endurspegli mikilsverða samstöðu. Fundargerðin samhljóða samþykkt.

b. Velferðarnefndar dags. 22. mars og 22. apríl 2016
Samhljóða samþykkt að heimila nefndinni að skila af sér fundagerðum í lokuðum pdf-skjölum ásamt Word svo hægt sé eftir sem áður að koma fundagerðum á heimasíðu sveitarfélagsins. Viðvíkjandi 4. tl. í fundargerð 22.03. er samhljóða samþykkt að sveitarstjóri vinni að málinu með nefndinni. Fundargerðin samhljóða samþykkt. Fundargerð frá 20.04 sl. síðan samhljóða samþykkt.

c. Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 15. apríl 2016
Fundargerðin samhljóða samþykkt.

d. Landbúnaðarnefndar dags. 22. apríl 2016
Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að vinna að því máli sem varðar 2. tl. í fundargerð. Fundargerðin samhljóða samþykkt.

e. 128. fundar HAUST dags. 6. apríl 2016

Lagt fram til kynningar.

f. Minnispunktar frá fundi sveitarstjóra, yfirmanns þjónustumiðstöðvar og framkvæmdastjóra HAUST haldinn á Vopnafirði 19. apríl 2016
Lagt fram til kynningar.

g. 7. fundar stjórnar SSA dags. 19. apríl 2016
Lagt fram til kynningar.

3. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a. Landskerfi bókasafna hf.
Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að vinna að málinu. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 18:35.

[Fylgigögn fundar 280416 \(2\).pdf](#)